

## Hvað breytist raunverulega við aðild að ESB?

### Hver er munurinn á EES og ESB?<sup>1</sup>

*Eftir Eirík Bergmann Einarsson, dósent í stjórnmálafræði.*

Stundum fylgir því dulítill vandi að ræða um Evrópumál á Íslandi. Ekki aðeins vegna þess að þekking á málaflokknum er almennt það lítil að auðvelt er fyrir slóttuga stjórnmálamenn að afvegaleiða umræðuna með röngum fullyrðingum og raunar hreinum og klárum blekkingum eins og stundum er gert heldur einnig vegna þess að Evrópuumræðan hér á landi fylgir göngulagi íslensku hagsveiflunnar nokkuð náið. Þegar vel gengur í efnahagslífinu hafa fáir áhuga á Evrópumálum en þegar illa árar fara menn fyrst að velta fyrir sér kostum Evrópusamstarfs. Sú umræða sem nú stendur yfir gaus upp í kjölfarið á gengishruni íslensku krónunnar í febrúar 2006. Síðan þá hafa Evrópumál á Íslandi verið rædd á forsendum evrunnar, sameiginlegri mynt fimmtán Evrópusambandsríkja. Eftir því sem erfiðleikarnir hafa aukist í efnahagslífinu hefur skert þátt á Evrópuumræðunni og er nú svo komið að þrýstingurinn á upptöku evru í stað krónu er að verða óbærilegur að sumra mati. Vofa verðbólgu gengur nú ljósum logum um samfélagið og þurrkar upp peningaveski landsmanna á meðan ógnarháir vextir stigmagna skuldastöðu heimilanna á degi hverjum. Því er kannski ekki nema von að Evrópuumræðan sækir nú í sig veðrið sem aldrei fyrr.

---

<sup>1</sup> Þessi grein að hluta byggð á fyrri verkum höfundar. Sjá til að mynda í a) Hvað með evruna? (ásamt Jóni Þór Sturlusyni). Reykjavík. Háskólinn á Bifröst 2008, b) Hverju myndi ESB-aðild breyta fyrir Íslenska neytendur? (ásamt Evu Heiðu Önnudóttur) Reykjavík. Neytendasamtökin 2008 og c) Undanþágur og sérlausnir í aðildarviðræðum við Evrópusambandið, Fréttablaðið 5. apríl 2008.

## ***Evrán og Evrópusambandið***

Vandi þeirrar umræðu um Evrópumál sem nú gengur eins og fellibylur yfir þjóðfélagið er einkum sá að evran er auðvitað órofa hluti af Evrópusambandinu. Til að fá evrur í verðbólgnu vasa Íslendinga þarf fyrst að ganga í Evrópusambandið og þaðan alla leið í Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Eins og fram kemur í bók okkar Jóns Þórs Sturlusonar Hvað með evruna? mun sú vegferð taka að minnsta kosti fjögur ár eftir að aðildarumsókn er lögð fram. Vandí umræðunnar um aðild Íslands að Evrópusambandinu er þó eilítið annar en sú einangraða umræða sem fram hefur farið um evruna sem slíka. Stundum fær maður nefnilega á tilfinninguna að sumir þeir sem taka til máls á opinberum vettvangi um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu geri sér ekki almennilega grein fyrir því að Ísland er nú þegar afar virkur þátttakandi í Evrópusamrunanum í gegnum aðild landsins að Evrópska efnahagssvæðinu (1994) og Schengen-landamærasamstarfinu (2001). Af umræðunni að dæma gætu menn jafnvel talið að Ísland stæði fyrir utan Evrópusamstarfið. Svo er þó ekki. Til að skilja hvaða áhrif aðild að Evrópusambandinu myndi hafa fyrir íslenskt samfélag og efnahagslíf þurfum við fyrst að greina muninn á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu annars vegar og fullri aðild að Evrópusambandinu hins vegar. Já, hver er munurinn á EES og ESB?

## ***Evrópuvæðing Íslands***

Evrópuvæðing Íslands hófst með gildistöku EES-samningsins árið 1994 en þá varð viðskiptaumhverfi Evrópusambandsins útvíkkað til EFTA-ríkjanna sem tóku þátt í gerð Evrópska efnahagssvæðisins. Þátttaka Íslands í Evrópusamvinnunni hófst hins vegar nokkuð fyrr en árið 1970 gekk Ísland til liðs við Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og árið 1973 var

undirritaður fríverslunarssamningur við Evrópubandalagið. En frá árinu 1994 hefur Ísland semsé verið fullgildur þátttakandi á innri markaði ESB sem enn er innsti kjarni evrópskrar samvinnu. Með EES-samningnum varð til stærsta samræmda markaðssvæði heims sem nú telur tæplega hálfan milljarð íbúa í 30 ríkjum. Fjórfrælsið svokallaða náði þar með einnig til Íslands en það felur í sér frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu, fjárfestingafrelsi og frjálsa för launafólks yfir landamæri Evrópuríkja. Auk þess var komið á kerfisbundnu samstarfi á ýmsum sviðum sem liggja fyrir utan innri markaðinn; svo sem á sviði umhverfismála, rannsókn- og menntamála. Í gegnum EES samninginn hefur Ísland orðið órofa hluti af kjarnastarfsemi Evrópusambandsins og er orðið einskona aukaaðili að ESB.

### ***Það sem útaf stendur***

Í gegnum EES og Schengen hefur Ísland samþykkt að taka upp svo til alla löggjöf ESB sem fellur undir innri markaðinn auk þess að samræma margvíslega aðra þætti samfélagsins við það regluverk sem ríki Evrópusambandsins hafa komið sér saman um. En það eru einnig ýmsir þættir í starfsemi ESB sem standa fyrir utan EES-samninginn. Hann inniheldur til að mynda ekki aðild að stofnunum ESB, svo sem ráðherraráðinu, Evrópuþinginu og Evrópudómstólnum og mjög takmarkaða aðkomu að störfum framkvæmdastjórnar ESB. Samningurinn nær heldur ekki til verslunar með landbúnaðarvörur. Ísland er ekki aðili að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB eða samstarfi í landbúnaðar- og byggðamálum. EFTA-ríkin í EES taka ekki þátt í sameiginlegri stefnumótun um viðskipti gagnvart þriðju ríkjum, svo sem birtist í sameiginlegri tollskrá og samþættri þróunaraðstoð. Samningurinn nær heldur ekki til samstarfs í efnahags- og peningamálum, skattamálum, utanríkis- og öryggismálum og í innanríkis- og dómsmálum utan

Schengen samstarfsins. Hér er ekki ætlunin að fjalla um áhrif af innleiðingu evru heldur að skoða hvaða áhrif ESB-aðild myndi hafa á öðrum sviðum samfélagsins.

## Fullveldið

Stofnanakerfi Evrópusambandsins er yfirþjóðlegt og byggir á þjóðréttarlegu lagakerfi sem gengur framur landsrétti einstakra aðildarríkja. Evrópurétturinn er að þessu leyti einstakur og orðið hefur til sjálfstætt réttakerfi þar sem aðildarríkin hafa framselt ríkisvald á afmörkuðum sviðum til sameiginlegra stofnana. Þessi einstæða staða Evrópusambandsins gerir EES-samninginn einnig æði sérstakan í flóru milliríkjasamninga enda veitir samningurinn EFTA ríkjunum í EES aðild að innri markaði ESB og færir um leið reglugerðaverk ESB á því sviði út til EFTA-ríkjanna. Ísland og hin EFTA ríkin í EES hafa með öðrum orðum samþykkt að byggja á reglum ESB, umfram eigin lög, á þeim sviðum sem samstarfið nær til. Þar með yfirfærast þessi sérstæðu þjóðréttarlegu einkenni ESB-réttarins yfir á EES-samninginn því leitast er við að veita EES-reglum stöðu í landsrétti Íslands, Noregs og Liechtenstein, sem er sambærileg við stöðu ESB-reglna í landsrétti aðildarríkjanna.

EES-samningurinn er afar umfangsmikill og mælir fyrir um nokkuð flókið net samskipta. Samningurinn er í stöðugri þróun og mótun þar sem hann breytist með samhliða þróun reglna á innri markaði ESB. Ísland hefur því eins og önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, hvort sem þau eru í EFTA eða ESB, kosið að framselja hluta af ákvörðunartökuvaldi til stofnana Evrópusambandsins. Munurinn er einkum sá að regluverk ESB nær í tilfelli Íslands ekki til landbúnaðar, sjávarútvegs og utanríkisviðskipta en á móti kemur að íslensk stjórnvöld hafa ekki aðkomu að ákvarðanatöku á vettvangi ESB. Meginbreytingin yrði sú að við aðild að ESB myndu ráðherrar í íslensku ríkisstjórninni fá fulla aðkomu að störfum ráðherraráðsins og

forsætisráðherra tæki sæti í leiðtogaráði ESB sem er valdamesta stofnun sambandsins. Að óbreyttum reglum ESB myndu íslensk stjórnvöld tilnefna einn fulltrúa í framkvæmdastjórn ESB og einn fulltrúa í Evrópudómstólinn. Út frá fólksfjölda má áætla að Ísland myndi fá jafnmarga fulltrúa og Malta á Evrópuþingið, eða fimm talsins, sem kosnir yrðu beinni kosningu meðal almennra kjósenda á Íslandi.

Almennt getum við litið svo á að fullveldi hafi í það minnsta tvær hliðar; annars vegar að ríkið hafi einkarétt á að ráða málefnum innan eigin landamæra og hins vegar rétt til að taka þátt í starfi alþjóðastofnana. Samkvæmt hefðbundnum skilningi felur fullveldið semsé í aðra röndina í sér að ríki eigi að ráða sínum innanlandsmálefnum sjálf, án utanaðkomandi íhlutunar, eins og hin þjóðréttarlega skilgreining segir til um og að framan var greint frá. Á undanförunum áratugum hefur hnattvæðing viðskipta, menningar og vísinda hins vegar gert ríki heims gagnkvæmt háð hvert öðru (e. inderpedent). Í samræmi við það hefur skilningur margra á fullveldishugtakinu breyst. Fullvalda ríki geta framselt fullveldi sitt til alþjóðlegra stofnana með sérstökum þjóðréttarsamningum sem fá þar með heimild til að fara með ákvarðanatökuvald á tilteknum afmörkuðum sviðum. Þetta er gert í þeirri viðleitni að ná betur utan um tiltekin viðfangsefni sem ríkin ráða ekki við hvert og eitt. Ríki heims geta til að mynda ekki verið fullvalda í umhverfismálum nema með því að vinna saman að mengunarvörnum. Einstaka ríki geta heldur ekki haft fulla stjórn á eigin fjármálamarkaði þegar fjármálaviðskipti yfir landamæri eru opin. Það er meðal annars vegna þessarar þróunar sem ríki Evrópu hafa í síauknu mæli kosið að deila fullveldi sínu í sameiginlegum stofnunum til að takast á við sameiginleg viðfangsefni. Ef við gefum okkur að áhrif ríkis í tilteknum málaflokki, svo sem mengunarvörnum, sé meiri með því að deila ríkisvaldi í sameiginlegum stofnunum er jafnvel hægt að halda því fram að aðild ríkisins að yfirþjóðlegri stofnun feli í sér aukið fullveldi á því sviði heldur en ríkið annars hefði.

Fullveldi ríkja í hnattvæddum heimi felst því núorðið ekki síst í réttinum til að taka þátt í starfi alþjóðastofnana, þar sem ákvarðanir einstakra svæða og heimsbyggðarinnar allrar eru teknar. Svo dæmi sé tekið þá eru Texas og Bæheimur ekki fullvalda ríki og geta því ekki tekið þátt í starfi alþjóðastofnana, nema í gegnum ríkisstjórnir sínar, Bandaríkin og Þýskaland. Ísland er hins vegar frjálst og fullvalda ríki og hefur í krafti þeirrar stöðu fulla heimild til að taka þátt í starfi alþjóðastofnana sem aftur hafa mótandi áhrif á lífið hér heima á Íslandi.

## Fiskurinn

Sameiginlega sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins hefur hingað til verið talin ein helsta hindrunin í vegi fullrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu, í það minnsta ef marka má umræðu í fjölmiðlum á Íslandi. Því er gjarnan haldið fram að fiskveiðistefna Evrópusambandsins sé andstæð íslenskum hagsmunum. Látið er fylgja með að ómögulegt sé að finna viðunandi lausn í sjávarútvegs málinu í aðildarviðræðum og þess vegna sé um tómt mál að tala að hefja aðildarviðræður. Aðildarsamningar að ESB hafa hins vegar sömu lagastöðu og stofnsamningar ESB og því hlýtur sú staðreynd að teljast áhugaveð að vel flest ríki sem samið hafa um aðild að Evrópusambandinu hafa fengið tilteknar sérlausnir eða jafnvel hreinar og klárar undanþágur frá sáttmálum sambandsins, á sviðum sem teljast til grundvallar hagsmuna viðkomandi ríkis. Hér má til að nefna ákvæði um heimskautalandsbúnað í Finnlandi og Svíþjóð og fiskveiðar í Miðjarðarhafi.<sup>2</sup>

Kjósi Íslendingar á annað borð að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið ætti því vel að vera gerlegt að ná viðunandi lausn í sjávarútvegs málinu. Komi til aðildarviðræðna ættu íslensk stjórnvöld að fara fram á sérstaka aðlögun á sjávarútvegsstefnu ESB svo hún falli að

---

<sup>2</sup> Fleiri dæmi um sérlausnir og undanþágur í aðildarsamningum við ESB má sjá í samnefndri grein minni í Fréttablaðinu 5. apríl 2008.

aðstæðum á Íslandi. Baráttan um yfirráð yfir auðlindum landsins er nátengd sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og beintengd hugmyndum um fullveldi Íslands. Sjávarafurðir telja enn góðan meirihluta í vöruútflutningi Íslands. Yfirráð yfir fisknum snýst því með beinum hætti um yfirráð yfir eigin örlögum. Ekki síst þess vegna er mikilvægt að sérstaða svæðisins umhverfis Íslands sé áréttuð með óyggjandi hætti. Þetta væri til að mynda hægt að tryggja með því að gera fiskveiðilögsögu Íslands að sérstöku stjórnsýslusvæði innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB. Ekki væri um að ræða almenna undanþágu frá sjávarútvegsstefnunni heldur um sértæka beitingu hennar á ákveðnu svæði á grundvelli nálægðarreglu þannig að ákvarðanir um nýtingu á auðlind Íslands sem ekki er sameiginleg með öðrum aðildarríkjum ESB yrðu teknar á Íslandi. Í rökstuðningi fyrir sérstakri beitingu sjávarútvegsstefnunnar á Íslandi má beina sjónum að ólíkum aðstæðum á Norð- vestur-Atlantshafssvæðinu annars vegar og hafsvæðum innan ESB hins vegar, líkt og Halldór Ásgrímsson gerði í Berlínarræðu sinni árið 2002. Við skoðun á landakorti Evrópu sjá menn það í hendi sér að þörf er á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu á meginlandi Evrópu þar sem um sameiginlega nýtingu er að ræða úr sameiginlegum auðlindum. Fiskistofnar við meginland Evrópu virða ekki landamæri og eru veiddir af fjölda ríkja. Því er augljóst að sameiginleg stjórn þarf að vera á slíkum veiðum.

Þessu er hins vegar ólíkt farið á Íslandsmiðum og raunar á öllu Norð- vestur-Atlantshafi. Fiskistofnar Íslands eru að mestu staðbundnir og því er ekki um sameiginlega auðlind að ræða, ekki frekar en á við um skóga í Finnlandi eða olíu við strendur Bretlands. Sjávarútvegsstefnu ESB var í raun aldrei ætlað að ná yfir svæði þar sem ekki eru sameiginlegar auðlindir og því tekur stefnan, eðli málsins samkvæmt, ekki tillit til aðstæðna á Íslandi. Í hugsanlegum aðildarviðræðum þarf því að skoða með hvað hætti unnt er að laga stefnuna að aðstæðum á Íslandi. Í því sambandi er unnt að beita nálægðarreglu Evrópusambandsins sem kveður á um að

ákvarðanir skulu teknar sem næst þeim er ákvörðunin snertir. Hér ber þó að hafa í huga að ólíklegt er að Ísland gæti haldið banni við fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegsfyrirtækjum. Svör við því hvort unnt sé að ná viðunandi aðildarsamningi við Evrópusambandið, til að mynda á borð við þá sem hér er nefnd, fæst hins vegar ekki fyrr en í aðildarviðræðum.

## Sauðkindin

Landbúnaður er líkast til það svið atvinnulífsins sem myndi taka hvað mestum breytingum við full aðild Íslands að Evrópusambandinu. Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins felur í sér hvoru tveggja frjálsa samkeppni milli aðildarríkjanna og umtalsverðan stuðning til framleiðenda úr sameiginlegum sjóðum sambandsins. Íslenskir bændur yrðu þar með fyrir aukinni samkeppni frá evrópskum framleiðendum en myndu einnig geta átt von á ríflegum beingreiðslum. Í rannsókn okkar Evu Heiðu Önnudóttur sem við gerðum fyrir Neytendasamtökin fyrr í ár var skoðað hvaða áhrif ESB-aðild myndi hafa fyrir íslenska neytendur. Í ljós kom að matvælavæð gæti lækkað um allt að 25 prósent við aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Samhliða aukinni samkeppni frá erlendum búvörum felast einnig ný tækifæri fyrir íslenska landbúnaðarframleiðslu innan ESB. Evrópusambandsríkin yrðu um leið að heimamarkaði fyrir íslenskar búvörur. Að auki myndu íslenskir bændur fá aðild að umfangsmiklu styrkjakerfi ESB. Auk framleiðslutengdra greiðslna má nefna styrki til reksturs búa á harðbýlum svæðum, styrki til fjárfestinga, styrki til samstarfs bænda og ekki síst umhverfisstyrki. Í aðildarviðræðum við Svíþjóð, Noreg og Finnland var komið á sérstakri skilgreiningu um heimskautalandbúnað sem felur í sér heimild fyrir viðbótar styrki við innlendan landbúnað á norðlægum slóðum, sem skilgreindur er norðan 62. breiddargráðu. Við aðild myndi Evrópusambandið því styðja við landbúnað á Íslandi samkvæmt gildandi reglum en íslensk stjórnvöld hefðu eftir sem áður



heimild til að auka við þann stuðning, eftir því sem þau telja henta fyrir íslenskar aðstæður. Umfang stuðnings við bændur á Íslandi ætti því ekki endilega að þurfa að breytast en allnokkrar breytingar á forsendum styrkja eru fyrirsjáanlegar. Þá er ekki fráleitt að Ísland gæti krafist undanþágu varðandi frelsi í innflutningi á tilteknum landbúnaðarafurðum, til að mynda hvað varðar einstaka kjöt og mjólkurvörur, með vísan í sérstöðu landsins hvað varðar sjúkdómahættu. Slík sérstaða náðist fram í EES-samningnum á sínum tíma og var byggð á langvarandi einangrun þeirra dýrastofna sem hér eru og viðkvæmni fyrir sjúkdómum.

Byggðastefna er rótgróin þáttur í starfi Evrópusambandsins og sjóðir þess veita ríkulega byggðastyrki. Ísland er dreifbýlt og hrjóstrugt land og því má því gera ráð fyrir að verulegur hluti þess fjármagns, sem kæmi í hlut Íslands úr sameiginlegum sjóðum, yrði á forsendum byggðastefnu, til að tryggja byggð um allt land, efla samgöngur og auka fjölbreytni í atvinnuháttum. Að öðru leyti hefðu innlend stjórnvöld eftir sem áður frumkvæði að nýtingu þess fjármagns sem kæmi til Íslands í formi byggðastyrkja.

## Utanríkisviðskiptin

Evrópusambandið er tollabandalag og því myndi íslensku tollskránni einfaldlega vera skipt út fyrir tollaskrá Evrópusambandsins ef til aðildar kæmi. Við aðild Íslands að Evrópusambandinu myndu þeir viðskiptasamningar sem Ísland hefur gert tvíhliða, eða EFTA hefur gert fyrir Íslands hönd, um leið falla niður og viðskiptasamningar ESB við þriðju ríki taka gildi staðin. Ísland myndi því ekki geta gert sjálfstæðan viðskiptasamning við Kína eins og nú er undirbúningi.

Evrópusambandið er stærsta viðskiptaheild í heimi og í krafti stærðar sinnar hefur ESB tekist fá fram víðtækari og hagstæðari viðskiptasamninga heldur en einstaka ríki hafa almennt möguleika á. Reynolds aðildarríkja ESB er enda sú að alla jafna er aðlögun að sameiginlegri

tollaskrá ekki stórvægilegt vandamál. Þannig er ekki að sjá að sú upptaka sé vandkvæðum bundin fyrir Ísland enda er samræmi nú þegar nokkurt vegna WTO-samninganna og annarra samninga á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem bæði Ísland og Evrópusambandið eru bundin af. Aðlögun að tollum ESB hefði meðal annars í för með sér að tollar á bandarískum og japönskum bifreiðum munu hækka. Tollar ESB og Íslands eru þó að meðaltali nokkuð svipaðir. Mestu munar hins vegar að tollar falla niður af varningi frá aðildarríkjum ESB, þar með töldum landbúnaðarafurðum eins og að framan er lýst.

### Kostnaðurinn

Erfitt er að meta fyrirfram kostnað eða efnahagslegan ávinning sem hlytist af Evrópusambandsaðild enda færi slíkt mjög eftir niðurstöðum aðildarsamnings og pólitískum ákvörðunum sem ómögulegt er að sjá fyrir. Þó er hægt að draga saman nokkrar ályktanir. Miðað við að heildarframlag ESB-ríkja til sameiginlegra sjóða fari ekki yfir það sem nú er, eða 1,01 prósent af landsframleiðslu má gera ráð fyrir að nettó framlag Íslands, þar að segja að frádreginni þeirri upphæð sem kæmi til baka í gegnum endurdreifingarkerfi Evrópusambandsins yrði á bilinu 2,5 til fimm milljarðar á ári. Að frádregnum þeim kostnaði sem þegar fellur til vegna EFTA og EES, nú tæpir tveir milljarðar á ári, gæti hreint framlag Íslands því aukist um 0,5 til 3 milljarða á ári við fulla aðild að ESB.<sup>3</sup> Endanleg niðurstaða er þó háð útkomu í aðildarviðræðum.

Enn standa þó útaf ýmsir smærri þættir sem geta haft áhrif á heildarmyndina, svo sem af lægri skólagjöldum í Bretlandi sem myndu lækka verulega í kjölfar ESB-aðildar. Við aðild að ESB myndi sá þýðingarkostnaður sem nú fellur á íslensk stjórnvöld vegna EES falla á ESB. Eins og fram hefur komið yrði ennfremur nokkur efnahagslegur ávinningur af lægra matvælaverði,

---

<sup>3</sup> Hér er miðað við gengi evru eins og það var í byrjun árs 2008.

samræmdri tollastefnu og niðurfellingu tolla inn á stærri heimamarkað. Þá er engin leið að meta til fjár aukin áhrif Íslands innan stofnana ESB sem felur í sér aukna möguleika til að vinna hagsmunum Íslands fylgi.

## ***Samantekt***

EES-samingurinn veitir Íslandi einskonar aukaðild að Evrópusambandinu. Ísland er nú þegar fullgildur þátttakandi á innri markaði ESB; fjórfrelsið svokallaða um frelsi með vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjárfestingafrelsi og frjálsa för launafólks, var útvíkkið til EFTA/EES-ríkjanna auk þess sem komið var á kerfisbundnu samstarfi á ýmsum sviðum sem liggja fyrir utan innri markaðinn; svo sem á sviði umhverfismála, rannsókn- og menntamála. Til að taka dæmi má nefna að Ísland er fullgildur aðili að viðamikilli rannsóknáætlun ESB. Ísland samþykkt ennfremur að taka upp í innlendan rétt nær allar lagagerðir ESB sem gilda á innri markaðinum, en hefur þó ekki aðkomu að sjálfri ákvarðanatökunni. Að auki tekur Ísland nú fullan þátt í Schengen-landamærasamstarfi ESB og Dyflinar-samkomulaginu svokallaða með sérstöku samkomulagi sem gert var við Ísland og Noreg. Samanlagt gerir þátttakan í EES og Schengen Ísland að afar virkum þátttakanda í Evrópusamrunanum. Á sumum sviðum eins og í umhverfismálum og matvælaeftirliti er nær öll lagasetning sem tekur gildi á Íslandi í höndum embættismanna og fullrúa annarra ríkja í Brussel en ekki í höndum lýðræðislega kjörinna fullrúa á Íslandi. Borgarar ESB hafa jafnframt margvíslegar leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem íslenskir borgarar hafa ekki en ákvarðarnir í stofnunum ESB byggja á fjölbættu samráði við sérfræðinga, stjórnálamenn og hagsmunaaðila í aðildarríkjunum. Með þessu móti hefur íslenska ríkið því í raun framselt hluta af löggjafarvaldi sínu til ESB en hefur litla sem enga möguleika á að hafa áhrif á hana.

Eins og greint er frá hér eru þó vissulega fjölmörg svið í starfi ESB sem falla fyrir utan EES og Schengen samstarfið. Á móti kemur að á sumum sviðum hefur Ísland jafnvel gengið lengra í Evrópusamrunanum heldur en sum þeirra ríkja sem formlega tilheyra Evrópusambandinu. Borgarar ESB þurfa svo dæmi sé tekið að framvísa vegabréfi þegar þeir koma til London en mæta hins vegar engu vegabréfaeftirliti þegar þeir lenda á Keflavíkurflugvelli, sökum þess að Ísland er fullgildur þátttakandi í Schengen en Bretland ekki. Fyrirfram mætti ætla að það lægi ljóst fyrir hvaða lönd eru í Evrópusambandinu og hvaða lönd eru ekki í Evrópusambandinu. Það liggur enda ljóst fyrir þegar formleg staða ríkja er til skoðunar. En þegar skyggst er á bak við hina formlegu stöðu og raunveruleg þátttaka er skoðuð verður myndin flóknari. Formlega séð stendur Ísland vissulega fyrir utan stofnanir ESB en þegar raunveruleg staða er skoðuð kemur í ljós að Ísland er nú þegar að mestum hluta til á bólakafi í Evrópusambandinu.